



Skólaráðsfundur 23. janúar 2020

Mættir voru:

Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Anna Birna Gunnlaugsdóttir og Guðmundur Ingvar Jónsson fulltrúar kennara, Kristín Hjartardóttir og Geirný Geirsdóttir fulltrúar foreldra, Sigmundur Már Herbertsson fulltrúi starfsmanna í Njarðvíkurskóla, Jenný Lárusdóttir framkvæmdarstjóri UMFN sem fulltrúi úr grenndarsamfélaginu, Sigurður Magnússon formaður nemendafélags skólans, Kári Snær Halldórsson varaformaður nemendafélags skólans, Mikael Freyr Hilmarsson fulltrúi úr 9. bekk og Rafn Markús Vilbergsson deildarstjóri (fundarritari).

1. Kynning frá nemendaráði á starfsemi nemendaráðs. Sigurður Magnússon formaður nemendafélags skólans og Kári Snær Halldórsson varaformaður kynntu starfsemina fyrir skólaráði og einnig sátu allir meðlimir nemendaráðsins kynninguna. Þeir ræddu um íþróttaviðburði, kappát, þemu, keppnir og aðra viðburði sem nemendaráð stendur fyrir. Einnig ræddu þeir almennt um hlutverk nemendaráðs þar sem þeir töluðu um að ráðið kemur meðal annars að skólablaðinu, sölu í sjoppunni o.fl. Eftir kynninguna ræddi Ásgerður við nemendaráðið um ytra matið frá MMS þar sem kom fram að útbúa þarf starfsáætlun fyrir hvert skólaár. Einnig fór hún yfir að það hafi komið fram í skýrslunni að aðstaða fyrir nemendur á unglingsstigi er ekki góð þar sem plássleysi er mikið. Að lokum ræddi hún að fulltrúar nemenda í skólaráði þurfi að sitja til tveggja ára en ekki bara í eitt ár eins og hefur verið í Njarðvíkurskóla. Mikael Freyr var kosinn af skólaráði sem fulltrúi 9. bekkjar.
2. Ásgerður fór yfir fjárhagsáætlun Njarðvíkurskóla og sérdeildarinnar Ösp.
3. Rætt um viðhald á skólahúsnæði. Ásgerður sagði að húsnæðið væri of lítið og að það þurfi betri aðstöðu fyrir nemendur og starfsfólk. Tölvustofunni verður breytt og hún nýtt sem almenn kennslustofa og í staðinn verður keypt Chromebook fartölvur sem hægt verður að nýta við upplýsingatæknikennslu í skólanum. Keyptar verðar nýjar gardínur í skólann, til að byrja með verða settar myrkunargardínur í tvær hæðir. Áfram verður unnið að því að klæða skólann með álklæðningu fyrir aftan skólann (1/3 af bakhlið tekinn í sumar).
4. Ásgerður fór yfir ytra mat MMS sem fór fram í nóvember. Samkvæmt matinu er staðan á þeim þáttum sem metnir voru mjög góð og kemur skólinn því mjög vel út úr matinu. Búið er að gera umbótaráætlun sem birt verður á vef MMS og skólans.
5. Farið var yfir drög af skóladagatali fyrir 2020-2021.
6. Önnur mál:
 - a. Anna Birna bendir á að það hefur orðinn mikil breyting til batnaðar á stuðningi í kennslustundum.
 - b. Rætt var um starfsemina í Ösp og inntöku nemenda í deildina. Deildin hefur stækkað mikið og fjöldi starfsfólks hefur aukist. Mjög gott starf fer fram í Ösp.
 - c. Rætt um að skólanum hefur verið vel við haldið. Sigmundur Már tók við starfi umsjónarmanns um áramótin.



-
- d. Geirný hrósaði fyrir LED lýsinguna sem er í gluggum skólastofum.
Ákveðið var í fyrra að kaupa LED borða í allar stofur skólans. Einnig ánægja með hefðina að hafa gömlu myndirnar á kaffistofunni yfir jólin.
 - e. Rætt var um samstarf á milli Njarðvíkurskóla og UMFN.

Fundaritari: Rafn Markús Vilbergsson, deildarstjóri